


BÓKUN

Gildis-lífeyrissjóðs á aðalfundi HB Granda hf. 4.5.2018

Gildi-lífeyrissjóður óskar eftir því að eftirfarandi verði fært til bókar í fundargerð hluthafafundarins:

1. Í fyrirliggjandi tillögu að starfskjarastefnu félagsins er ekki gerð grein fyrir breytingum frá fyrri stefnu. Ekki var heldur að finna slíkar upplýsingar í birtum gögnum fyrir fundinn. Slíkt hefði verið æskilegt sem og að stjórn legði fram rökstuðning þar um fyrir fundinn. Í starfskjarastefnunni eru meðal annars lagðar til breytingar á gr. 6.1. varðandi árangurstengd launakjör sem Gildi skilur á þann veg að allar ákvarðanir um launakerfi æðstu stjórnenda sem komið verður á fót til viðbótar föstum launakjörum, ásamt starfslokasamningum, séu lagðar fyrir hluthafafund til samþykktar. Á hinn bóginn kemur fram í gr. 5.1. að launakjör forstjóra skuli ávallt taka mið af afkomu félagsins án þess að gerð sé grein fyrir því í hverju það felist. Fleiri dæmi eru um óskýrleika og telur Gildi stefnuna um margt óljósa. Telur sjóðurinn eðlilegt að starfskjarastefna félagsins verði tekin til endurskoðunar. Gildi mun sitja hjá við atkvæðagreiðslu um starfskjarastefnu félagsins.
2. Samkvæmt hluthafastefnu Gildis er lögð áhersla á að starfskjarastefnur greini hvernig þær styðji við langtímahagsmuni og sjálfbærni félaga og að sett séu fram skýr skilyrði og forsendur fyrir föstum og árangurstengdum launagreiðslum. Ef félagið ákveður að notast við árangurstengt launakerfi hjá æðstu stjórnendum er mikilvægt í því samhengi að helstu mælikvarðar komi fram í stefnunni og að þeir séu viðeigandi og á grundvelli þátta sem stjórnendur geta haft áhrif á og/eða stýrt í störfum sínum. Jafnframt er gert ráð fyrir að greint sé frá því hversu háar árangurstengdar launagreiðslur geta orðið séu þær til staðar, þannig að háþörm og takþörm komi fram í stefnunni sjálfri. Því er beint til stjórnar félagsins að taka starfskjarastefnu félagsins til endurskoðunar með þessi atriði í huga með það að markmiði að lýsa með greinargóðum hætti því launakerfi sem notast er við innan félagsins fyrir æðstu stjórnendur, þ.m.t. forstjóra.
3. Mikilvægt er jafnframt að stjórn félagsins rökstyðji hverju sinni starfskjör stjórnenda og fjárhæð þeirra, þ.m.t. breytilega launaliði séu þeir til staðar. Af þessum sökum er mikilvægt að gerð sé skýrsla um framkvæmd starfskjarastefnu og að hún sé birt með góðum fyrirvara fyrir aðalfund. Því er beint til stjórnar félagsins að sundurliða greiðslur til stjórnenda þannig að árangurstengdar launagreiðslur, séu þær til staðar, komi fram og að skýrsla um framkvæmd starfskjarastefnu verði útbúin og birt með góðum fyrirvara fyrir aðalfund félagsins.

Reykjavík, 4. maí 2018



Árni Guðmundsson framkvæmdastjóri